

*Kaplakriki, skipulagsreitur 3.2.3: Íþróttasvæði FH og Reykjanesbrautar frá Álftanesvegi að Fjarðarhrauni og Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Reykjanesbraut.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Kaplakrika“ skipulagsreit 3.2.3 vegna íþróttasvæðis FH og Reykjanesbrautar frá Álftanesvegi að Fjarðarhrauni og Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Reykjanesbraut. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavíkurvegur-Arnarhraun, gatnamót.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 2004 deiliskipulag fyrir „Gatnamót Reykjavíkurvegar – Arnarhrauns“. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 28. júlí 2004.*

**Bjarki Jóhannesson,**  
sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum.

#### 1. gr.

Í stað 3. og 4. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar kemur nýr töluliður, 3. tölul., og breytist númeraröð annarra töluliða samkvæmt því. Verður 3. tölul. svohljóðandi:

13% vörugjald:

- a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- b. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
- c. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
- d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
- e. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- f. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- g. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- h. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.

#### 2. gr.

7. tölul. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vörugjald af bifreiðum sem eru sérstaklega útbúnar og notaðar til líkflutninga skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 5. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 23. júlí 2004.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Jóna Björk Guðnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag að Fossvegi 8 og 10 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 23. júní 2004 tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðirnar Fossvegur 8 og 10 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000 þann 23. febrúar 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 21. apríl 2004 til og með 19. maí 2004 með athugasemdafresti til og með 2. júní 2004.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 10. ágúst 2004,*

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar,

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. apríl 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að skipulagssvæðið er stækkað til suðurs og norðvesturs og íbúðum fjölgað.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 3. ágúst 2004.*

F.h. Akureyrabæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags og byggingarfulltrúi.